

Nr. 18-063 S 040 Manni ÞH 88**Tók niðri í Þistilfirði**

Skipaskr.nr. 2328
Smíðaður: Samtak, 1999, tefjaplast.
Útgerð: Útgerð Manna ehf.
Stærð: 7,22 bt.
Mesta lengd: 9,15 m Skráð lengd: 9,15 m
Breidd: 2,78 m Dýpt: 1,27 m
Vél: Yanmar, 257 kW, 2000.
Fjöldi skipverja: 3



Manni © Vigfús Markússon

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. október 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. apríl 2018 var Manni ÞH 88 á grásleppuveiðum í Þistilfirði. Veður: SSV 2 m/sek.

Á veiðunum tók báturinn niðri við Rauðanes ($66^{\circ}15,913'N-015^{\circ}40,165'V$) en hann losnaði strax. Hann varð vélarvana og leki kom að honum. Þorleifur EA 88 dró bátinn til hafnar á Þórshöfn.

Við rannsókn kom fram:

- að allir skipverjar voru út á þilfari að ljúka við að draga grásleppunet sem lögð höfðu verið á milli skerja. Þegar skipstjórinn kúplaði að vélinni og ætlaði að sigla af stað tók hann niðri á öðru skerinu;
- að skipstjórinn þekkti vel svæðið og taldi að hann hefði beygt of snemma;
- að skemmdir urðu á skrúfu, stýri og kjöl bátsins.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var aðgæsluleysi við stjórn bátsins.